

og í aðferðinni við niðurjöfnun slíkra gjalda, að það getur ekki verið umtalsmál að setja menn, sem koma í bæinn eða sveitina, eptir að hinni almennu árlegu niðurjöfnun er aflokið, sérstaklega í skatt, og skylda þá þannig til þess að greiða tillag til bæjar- eða sveitargjaldanna — — — — —

1868.
15. júní.

**26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Jóns Sigurðssonar
skjalavardar, um styrk handa jarðyrkjumanni.**

16. júní.

Yður skal hér með kunngjört, að dómsmálastjórnin samkvæmt bænarskrá yðar 16. f. m. hefir veitt Ólafi Björnssyni frá Staðarbakka í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Noregi, 100 rd. styrk í viðbót, til þess að ljúka af námi sínu á skóla þessum, og skal því við bætt, að hëðan er hlutast um, að yður verði borgað fê þetta úr aðalfêhirzlu ríkisins.

**27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um borgun fyrir lækningu á frantzós.**

19. júní.

Með brêfi 30. marzmán. þ. á. hafð þêr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem farið er fram á, að greiða megi úr jafnaðarsjóði suðuramtsins kostnað þann, er gengið hefir til að lækna mann, sem hefir legið í frantzós í sjúkrahúsinu í Reykjavík, og hafð þêr beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar um, hvort að eigi að greiða kostnað þenna úr têðum sjóði, eða að leitast við að fá hann endurgoldinn hjá sjúklingnum sjálfum og, ef til þess kemur, hjá framfærsluhreppi hans.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar